

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 165165. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 6. desember 2022
og hófst hann kl. 09:30.**

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Ragnar Már Ragnarsson og Hildigunnur Haraldsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ragnar Már Ragnarsson, Byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Umsókn um byggingarlóð - 2212002

JG þak ehf sækir um lóðina Gilbakka 5, Arnarstapa. Fyrirhugað er að byggja 200-225 m² einbýlishús á lóðinni.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lóðarúthlutun.

Samþykkt

2. Umsókn um byggingarlóð, Gilbakki 3 - 2212001

Þakvinna ehf sækir um lóðina Gilbakka 3, Arnarstapa. Fyrirhugað er að byggja 200-225 m² hús á lóðinni.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lóðarúthlutun.

Samþykkt

3. Umsókn um lóð - 2212004

Rent us ehf sækir um lóðina Gilbakka 7, Arnarstapa. Fyrirhugað er að byggja á lóðinni 200-225 m² einbýlishús.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir lóðarúthlutun.

Samþykkt

4. Umsókn um lóð, Álfaslóð 6 ofl - 2212008

Trjástofn ehf sækir lóðirnar Álfaslóð 6-7-8-11-18-19-20-21 og 23. Einnig sækir félagið um lóðirnar Grundarslóð 8 og 12 á Arnarstapa.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið. Óskað er eftir fundi með umsækjanda þar sem verkefnið, framkvæmdaráætlun og framtíðarsýn verði kynnt fyrir nefndinni áður en afstaða er tekin til úthlutunar.

Frestað

777

Mik

M.S.

K.A.

5. Dritvíkurvegur og Djúpalónssandur breyting aðalskipulags og nýtt deiliskipulag - 2209001

Kynntar eru leiðréttingar á breytingu aðalskipulags og nýju deiliskipulagi fyrir Dritvíkurveg og Djúpalónssand.

Nefndin leggur til að leiðréttum gögnum verð beint í lögboðið auglýsingarferli ásamt óbreyttum gögnum vegna Krossavíkur.

Samþykkt

6. Brautarholt 20. Umsókn um breytta notkun á bílskúr. - 2212007

Óskað er eftir breyttri notkun á bílskúr og leyfi til að innrétta hann fyrir Bowen meðferðir.

Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

7. Brautarholt 14. Beyting á innra skipulagi íbúðar. - 2212006

Óskað er eftir að breyta þvott húsi íbúðarinnar til að starfrækja þar fótaaðgerðastofu.

Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki meðeiganda.

Samþykkt

8. Brautarholt 11. Umsókn um byggingarleyfi - 2212005

Óskað er eftir að reisa 24 m² gróðurhús á lóðinni.

Umhverfis-og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið. Staðsetning gróðurhússins skal ákveðin í samráði við byggingarfulltrúa og grenndarkynnt.

Samþykkt

9. Grundarbraut 1_Umsókn um byggingarleyfi fyrir bílgeymslu - 2002004

Lögð er fram til kynningar tillaga af breyttu lóðarblaði fyrir Grundarbraut 1.

Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi lóðarblað með möguleika á að lóð geti stækkað til suð-austurs. Byggingarreitir bílskúrs verði allt að 4,5 x 7,5 m.

Í vinnslu

10. Munaðarhóll 8. Umsókn um byggingarleyfi - 2212009

Sótt er um leyfi til að byggja sólskála samkvæmt meðf. tillögu.

Umhverfis-og skipulagsnefnd frestar erindinu og óskar eftir frekari gögnum sem verði unnin í samráði við byggingarfulltrúa.

Frestað

11. Umsókn um stöðuleyfi á Arnarstapa fyrir þjónustuhús - 2212003

Glacier Paradise sækir um stöðuleyfi fyrir þjónustuhús á Arnarstapa n.t.t á svæði þar sem áður stóðu söluvagnar.

Umhverfis-og skipulagsnefnd hafnar stöðuleyfi á svæði sem ætlað var fyrir söluvagna og

K.A.
777
M.K
M.G

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

leggur til að skoðaðir verði tveir möguleikar á staðsetningu við Álfaslóð. Þar er möguleiki á stöðuleyfi til eins árs í senn, að hámarki til tveggja ára, vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu.

Hafnað

12. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2022 - 2201001

Önnur mál:

1. Umhverfis-og skipulagsnefnd telur æskilegt að gera frumdög að deiliskipulagi íbúðarbyggðar á svæðinu nærri Klifbrekku og Dalbraut og iðnaðar og athafnasvæði austar.

2. Rætt var um sorpmál og ný lög um flokkun sorps. Óskað er eftir að bæjarstjóri mæti á næsta fund nefndarinnar þar sem rætt verður um stöðu mála og fyrirsjáanlegar breytingar. Nefndarmenn veltu fyrir sér hvort að æskilegt væri að stofna Góða hirðinn í Snæfellsbæ.

Í vinnslu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

Fllugi Tev Tanava

Hallgrímur Þ. Þinnar.

Krishana ~~Harman~~

Hallgrímur Þinnar

Maymi Eiríkur